



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir veitingastað; kaffihús (Cafe Adesso) að Borgartúni 10-12, F2009466, rými 01 0105.

Nafn leyfishafa: Adesso ehf.

Heimilisfang: Hagasmári 1

Póstnúmer: 201

Kennitala: 500102-3060

Útgáfudagur leyfis: 3. júlí 2025

Gildir til: 3. júlí 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfissskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfissskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 3. júlí 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Greinargerð með starfsleyfi fyrir kaffihúsið Cafe Adesso að Borgartúni 10-12.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti á vefsíðu sinni drög að starfsleyfi fyrir veitingastað; tegund kaffihús, Cafe Adesso, að Borgartúni 10-12, þann 2. júní sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, drögum að starfsleyfi, *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði* og staðfestingu byggingarfulltrúa á að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi veitingastaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir við drögin var til 30. júní 2025.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Umsókn Adesso ehf., kt. 500102-3060, dags. 10. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Cafe Adesso) að Borgartúni 10-12, F2009466, rými 010105 var lögð fyrir 1843. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 3. júlí 2025. Ný starfsemi.

Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.